

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Breiðdalshreppi.

1. gr.

Sorpgjald og sorpeyðingargjald.

Sveitarstjórn Breiðdalshrepps er heimilt að leggja á sérstakt gjald vegna meðferðar úrgangs í sveitarfélaginu.

Árlegt grunngjald vegna sorphirðu og sorpeyðingar er sem hér segir:

Sorpgjald heimila:

Sorphirðugjald	kr. 18.710 pr. íbúð/tunnu
Sorpeyðingargjald	kr. 20.961 pr. íbúð/tunnu

Sorpeyðingargjald: Fyrirtæki, stofnanir, félög og aðrir lögaðilar:

Aðilar sjá sjálfir um að koma sorpi og flokkuðu hráefni í áhaldahús – safnstöð.

Flokkar sorpeyðingargjalda eru eftirfarandi:

1. flokkur	kr. 20.961
2. flokkur	kr. 39.520
3. flokkur	kr. 59.280
4. flokkur	kr. 79.040
5. flokkur	kr. 98.800
6. flokkur	kr. 118.560

2. gr.

Sorphirðugjald fyrir fyrirtæki.

Hægt er að óska eftir sorphirðu fyrir fyrirtæki, stofnanir, félög eða aðra lögaðila. Þá bætist við sorphirðugjald.

Krafa er um að viðkomandi fyrirtæki sinni fullri flokkun og sorphirðan nær því einungis til óflokkanlegs sorps:

Sorphirðugjald fyrirtækja og annarra aðila:

1. flokkur	kr. 18.710
2. flokkur	kr. 35.360
3. flokkur	kr. 53.040
4. flokkur	kr. 70.720
5. flokkur	kr. 88.400
6. flokkur	kr. 106.080

Sveitarstjórn raðar fyrirtækjum í flokka, en 1. flokkur er grunngjald sem öll fyrirtæki flokkast í, sem eru með lágmarksstarfsemi.

3. gr.

Innheimta.

Gjald fyrir sorphirðu og sorpeyðingu samkvæmt 1. gr. hér að ofan skal innheimt með fasteignagjöldum.

4. gr.

Staðfesting og gildistaka.

Þannig samþykkt af sveitarstjórn Breiðdalshrepps og staðfest 5. desember 2016 á grundvelli samþykktar um meðhöndlun úrgangs í Breiðdalshreppi, nr. 127/2004, skv. 5. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Gjaldskráin öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur út gildi gjaldskrá fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Breiðdalshreppi nr. 1343/2015.

Breiðdalsvík, 1. mars 2017.

Sif Hauksdóttir verkefnisstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 23. mars 2017